



Stebbi spilar vel

Austurglugginn hittir Stefán Gíslason landsliðsmann í knattspyrnu frá Eskifirði eftir leik Íslands og Skotlands í síðustu viku. „Ég er loksins núna farinn að finna mig með landsliðinu. Ég hef spilað vel í seinustu þremur leikjum og það er jákvætt því það er langt síðan ég hef spilað vel með landsliðinu,“ segir Stefán í Austurglugganum í dag. Nánar á bls. 9



Útskrifaðist með láði

Jóel Salómon Hjálmarsson, 23ja ára frá Egilsstöðum, fékk fjórar viðurkenningar af sjö sem veittar eru við útskrift úr svissneskum hótelskóla þar sem hann hefur numið seinustu tvö ár. Jóel fékk viðurkenningar fyrir besta árangur í frumkvöðlafræði, markaðsfræði, heildarárangur og lokaverkefni. Nánari umfjöllun á bls 8.

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 18. september

37. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjóitfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

Unnið við sandblástur í
Reyðarfirði. Nánar á bls. 2



SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar
SAMSKIP

Vilja áfram flutningsjöfnun á eldsneyti

Í lok árs 2007 skipaði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra starfshóp um fyrirkomulag flutningsjöfnunar. Kristján Þór Júlíusson alþingismaður var formaður starfshópsins. Hópnun var ætlað að meta þau áhrif sem niðurlagning flutningsjöfnunar-sjóða olíuvara hefur og með hvað hætti skuli mæta þeim og jafna flutningskostnað almennt. Starfshópurinn hefur nú skilað frá sér álit.

Það kom fram í álit starfshópsins að það fyrirkomulag sem viðhaft hefur verið við jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skv. lögum nr. 103/1994 sé að mörgu leyti einfalt og skilvirkt. Starfshópurinn telur einnig að verði sjóðurinn lagður niður sé hætt á því að eldsneytisverð á afskekktari

svæðum landsins verði hærra en á þéttbýlli svæðum þar sem arðbæra er að halda úti sölu á eldsneyti. Starfshópurinn mælir því með því að sjóðurinn verði starfræktur áfram en að lögin um hann verði endurskoðuð m.a. með það í huga að afmarka á annan hátt þau landssvæði sem jöfnunin tekur til.

Niðurgreiðsla flutningskostnaðar könnuð


Í álit nefndarinnar kemur jafnframt fram að kostnaður við flutning á vörum til og frá fyrirtækjum sem starfa utan helsta þéttbýlissvæðis landsins háir mörgum framleiðslufyrirtækjum á landsbyggðinni í samkeppni á innanlandsmarkaði og í

útflutningi. Þá sé flutningskostnaður mun hærra hlutfall af rekstri framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni heldur en framleiðslufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Það kemur einnig fram í skýrslunni að í því rekstrarumhverfi sem fyrirtækin búa við í dag þar sem krafa um hagnað og hagkvæmni í rekstri er allsráðandi, segi það sig sjálfst að sé munur á flutningskostnaði talinn í nokkrum prósentustigum af veltu skipti sá munur jafnvel sköpum um hvort fyrirtæki er rekið með hagnaði eða tapi. Sé það vilji stjórnvalda að jafna stöðu þessara fyrirtækja hvað flutningskostnað varðar mælir starfshópurinn með því að vinna verði lögð í að kanna nánar þær leiðir sem hægt er að fara í þeim efnum.

Sjáumst í Bónus á Egilsstöðum

Bónus býður betur!
Sama verð um allt land!

EKKERT BRUÐL



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

EKKERT BRUÐL

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!